

borgarstjórn Reykjavíkur kost á að taka við vistheimilinu og rekstri þess. Hafni borgarstjórnin því boði, skal heilbrigðismálaráðherra ráðstafa stofnuninni og eignum hennar á þann veg, sem þá þykir í mestu samræmi við tilgang hennar, sbr. 4. gr. skipulagsskrár þessarar.

13. gr.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari þarf $\frac{2}{3}$ atkvæða á fullskipuðum stjórnarfundum, enda samþykki borgarstjórnin í Reykjavík og heilbrigðismálaráðherra breytinguna. Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 29. júní 1967.

Stjórn Vistheimilis Bláa Bandsins, Viðinesi.

Jónas Guðmundsson. Guðm. Jóhannsson. Vilhjálmur Heiðdal.
Sig. Egilsson. Jónas Thoroddsen.

Nr. 155.

21. september 1967.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykktum byggingarsamvinnufélaga.

Samkvæmt lögum nr. 36/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúða í kaupstöðum og kauptúnum, hefur ráðuneytið staðfest þessa samþykkt fyrir byggingarsamvinnufélög:

72. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag framreiðslumanna, Reykjavík, Staðfest 18. sept. 1967.

Félagsmálaráðuneytið, 21. september 1967.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

Nr. 156.

21. september 1967.

AUGLÝSING

um breytingu á starfsreglum fyrir endurkröfunefnd samkvæmt 76. gr. umferðarlaga nr. 26 2. maí 1958, nr. 137 17. maí 1966.

1. gr.

3. mgr. 2. gr. orðist svo:

Félag íslenzkra bifreiðaeigenda (F.Í.B.) skal og sem landssamband bifreiðaeigenda tilnefna einn mann í nefndina.

2. gr.

Í stað „1. janúar 1966“ í ákvæði til bráðabirgða komi: 1. janúar 1967.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt 76. gr. umferðarlaga nr. 26 2. maí 1958, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 21. september 1967.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.